

ÁRSSKÝRSLA ISAVIA 2012
////////////////////





Ársskýrsla Isavia fyrir árið 2012 er að hluta til gefin út rafrænt. Með því vill félagið lágmarka prentaðar útgáfur og hugsa þannig um umhverfið.

Rafræni hluti ársskýrslu Isavia er aðgengilegur á vefslóðinni www.isavia.is/arsskyrsla



EFNISYFIRLIT

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS	3
STARFSSVIÐ	7
FLUGTÖLUR.	8
LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI	10
REKSTUR OG AFKOMA.	12
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA	14
SKÝRSLA STJÓRNAR	15
YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU ÁRSINS 2012.	16
EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2012	17
YFIRLIT UM EIGIÐ FÉ 2012	18
YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI 2012	19
SKÝRINGAR	20



ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Isavia valdi sér gildin öryggi, þjónusta og samvinna til grundvallar starfseminni. Uppbygging félagsins undanfarin þrjú ár eftir sameiningu Flugstoða og Keflavíkurflugvallar hefur gengið vel og árangurinn hefur verið í anda þess sem stefnt var að. Öryggi flugsamgangna er tryggt með náinni samvinnu og þjónustu við stjórnvöld og notendur flugvallarmannvirkja og flugleiðsöguþjónustu landsins. Starfsmenn og stjórnendur hafa unnið saman undir slagorðinu: „Við þjónum flugi“. Aðhald í rekstri og samlegðaráhrif hafa sparað mikið fé.

Starfsemi Isavia skiptist í þrjá tiltölulega ólíka hluta; starfsemina á Keflavíkurflugvelli, alþjóðaflugþjónustuna og þjónustu við innanlandsflugið. Aukning flugfarþega um Keflavík kallar á verulega aukin umsvif, alþjóðaflugþjónustan hefur eflst hægt og sigandi en varnarbarátta er háð í innanlandskerfinu.

Stjórn Isavia, sem kosin var á síðasta aðalfundi félagsins, 3. maí 2012, skipa þau Arnbjörg Sveinsdóttir bæjarfulltrúi og varþingmaður, Ásta Rut Jónasdóttir viðskiptafræðingur, Jón Norðfjörð framkvæmdastjóri, Ragnar Óskarsson framhaldsskólakennari og Þórólfur Árnason verkfræðingur.

Í varastjórn voru kjörin Hjörtur M. Guðbjartsson, Jóhanna Harpa Árnadóttir, Ólafur Sveinsson, Sigrún Pálsdóttir og Sigurbjörn Trausti Vilhjálmsson. Arngrímur Jóhannsson og Jónas Bjarnason gengu úr varastjórn og voru þeim þökkuð góð störf í þágu félagsins.

Stjórnin skipti með sér verkum þannig að Þórólfur Árnason var endurkjörinn formaður og Ragnar Óskarsson sömuleiðis varaformaður.

Stjórnin hélt 13 fundi á árinu 2012 og hefur haldið 13 fundi frá síðasta aðalfundi. Fundir eru nú haldnir reglulega fyrsta fimmtudag hvers mánaðar. Allir varamenn voru boðaðir á desemberfundinn þegar fjallað var um rekstraráætlun félagsins fyrir

árið 2013 og einnig þegar ársreikningur fyrir 2012 var til umfjöllunar 4. apríl síðastliðinn.

Stjórnin hélt fundi sína til skiptis á Reykjavíkurflugvelli og Keflavíkurflugvelli en einn fundur var auk þess haldinn á Bíldudal 4. október samkvæmt þeirri stefnu að heimsækja og halda einn til tvo stjórnarfundir á starfsárinu á einni af helstu starfstöðvum félagsins. Á Bíldudal hittu stjórnin starfsmenn flugvallarins og umdæmisstjóra flugvalla á Vestfjörðum og kynnti sér starfsemi flugvallarins og málefni sem snúa að rekstri, framkvæmdum og fjárfestingum á flugvöllinum.

Á heimleið frá Bíldudal var höfð viðkoma á Gjögurflugvelli sem er eini malarflugvöllur landsins sem notaður er til áætlunarflugs. Á Gjögri var rætt við flugvallarstarfsmenn um reksturinn og þær áskoranir sem felast í því að reka flugvöll sem ekki er í samræmi við kröfur sem gera á til nútímalegs flugvallar.

Gríðarlegur vöxtur hefur verið í millilandaflugi og met hafa verið slegin hvað eftir annað í farþegaflutningum á Keflavíkurflugvelli. Farþegaaukningin var um 13% á milli ára en tæplega 2,4 milljónir farþega lögðu leið sína um flugvöllinn á árinu 2012, sem er um 9% umfram metárið 2007. Aukningin sem orðið hefur frá botnári efnahagskreppunnar hér á landi, 2009, nemur samtals um 44%! Þessi árangur hefur ekki náðst af sjálfu sér. Margir hafa lagt hönd á plóginn við að markaðssetja landið og skapa rétt skilyrði svo hann mætti nást. Ferðamannaíðnaðurinn er í mikilli sókn og vinsælt að nefna hann vaxtarbrodd efnahagslífsins. Isavia hefur skipað sér í flokk framsæknustu fyrirtækja í þeirri grein og enn hefur verið gefið í með áherslu á að hvetja flugrekendur til aukinnar starfsemi á Keflavíkurflugvelli og að nýta sér þá verðlaunuðu þjónustu sem þar hefur verið byggð upp, enda stefnir farþega fjöldinn á Keflavíkurflugvelli í að verða um 2,7 milljónir á þessu ári.



Vel hefur tekist til við fjölgun ferðamanna utan sumarátætlunar og lengingu ferðatíma vor og haust. Fimm flugfélög héldu uppi áætlunarflugi á Keflavíkurflugvelli í vetur og 17 flugfélög ráðgera að starfa þar í sumar.

Það gefur augaleið að þessari aukningu fylgja nokkrir vaxtaverkir sem taka þarf á. Félagið mun fjárfesta fyrir um 900 milljónir króna á árinu 2013 í breytingum og umbótum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar svo mæta megi þessari miklu farþegaaukningu með hámarksnýtingu mannvirkja og hagkvæmni að leiðarljósi. Stærsta verkefnið er endurskipulagning suðurbyggingar flugstöðvarinnar sem miðast við að bæta þjónustu og upplifun flugfarþega. Í framkvæmdalok verður þar mun betri snyrtiaðstaða, hraðari afgreiðsla í vegabréfaeftirliti, fleiri sæti á biðsvæðum og ný friðhafnarverslun og veitingastaðir. Þá verður ráðist í kostnaðarsamar aðgerðir til þess að auka afköst farangurskerfa, skimunarþúnaðar og vopnaleitar. Einnig er fyrirhuguð fjölgun á sjálfsafgreiðslustöðvum í innritun sem aukið hafa afköstin til muna og fjölgun brottfararhliða svo afgreiða megi fleiri flugvélar á álagstímum. Farþegar verða þá fluttir með rútum að flugvélastæðum í grennd við flugstöðvarbygginguna.

Þessar ráðstafanir nægja þó einungis til þess að mæta aukningunni í sumar og næsta sumar en þær eru jafnframt vísir að næsta skrefi til þess að auka afköstin til framtíðar. Fjárfestingar í tengslum við Keflavíkurflugvöll á þessu og næsta ári nema samtals um 2,7 milljörðum króna en sá mikli ferðamannastraumur til landsins sem stefnt er að á næstu árum krefst bæði umtalsverðrar fjölgunar flugvélastæða og brottfararhliða í flugstöðinni sem verður talsvert kostnaðarsamari framkvæmd.

Stóra spurningin er sú hvernig Isavia tekst að mæta þeim áskorunum sem fylgja um 10% árlegri farþegaaukningu á Keflavíkurflugvelli næstu fjögur til fimm árin. Undirbúningur að stækkun flugstöðvarinnar er því þegar hafinn. Auk þess eru fyrirhugaðar fjárfestingar við endurnýjun slitlags á flugbrautum. Sú endurnýjun er óhjákvæmileg á

næstu árum en verkefnið mun kosta allt að fjórum milljörðum króna eða að meðaltali um 500 milljónir króna á ári næstu átta árin.

Í skýrslu ársins 2011 var lýst verkefni sem Keflavíkurflugvöllur hefur ráðist í til þess að samþætta verkefni flugvallarstarfsmanna eins og tíðkast á flestum flugvöllum í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Hugmyndin miðast við að sameina alla þætti flugvallarþjónustunnar og hverfa frá aðgreiningu starfa slökkviliðsmanna, vinnuvélastjóra o. s. frv. sem kallast nú allir flugvallarstarfsmenn. Flugvallarþjónustan er reyndar ennþá í sitt hvoru húsinu en fyrir dyrum stendur að reisa nýtt þjónustuhús þar sem allur tækjabúnaður, þjónusturými og starfsmenn verða undir einu þaki. Húsið verður um 4.000 fermetrar að flatarmáli og hefur því verið valinn staður nærri miðju flugvallarins sunnan við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Byggingarframkvæmdir hefjast síðar á þessu ári og er áætlaður kostnaður við verkið um 800 milljónir króna.

Áfram er unnið að gerð nýs aðalskipulags fyrir Keflavíkurflugvöll í samræmi við stefnu sem mörkuð var og kynnt á síðastliðnu sumri og stjórn félagsins og skipulagsnefnd hafa samþykkt.

Afkoma ársins 2012 er góð þegar á heildina er litið. Tekjur samstæðunnar voru 18,4 milljarðar. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði er um 3,8 milljarðar króna, eða um 20,8% af tekjum, og hagnaður eftir skatta um 738 milljónir króna. Sjóðsmyndunin í rekstrinum nægir til þess að greiða niður langtímaskuldir félagsins ásamt því að standa undir framkvæmdum sem félagið telur nauðsynlegt að ráðast í á árinu, en félagið átti um 3 milljarða króna í sjóði um síðustu áramót. Félagið stendur vel borið saman við þorra fyrirtækja í landinu en skuldbindingar þess eru miklar til uppbyggingar á Keflavíkurflugvelli og því mikil þörf á góðri afkomu til framtíðar.

Áfram kreppir að í rekstri innanlandsflugvallakerfisins sem félagið annast samkvæmt þjónustusamningi við innanríkisráðuneytið. Fjárveitingar hafa



farið minnkandi og draga hefur þurft úr þjónustu. Enn verra er að fjárfestingar til endurnýjunar í flugvallakerfinu eru í sögulegu lágmarki. Slíkt getur ekki gengið til lengdar. Gjaldskrárhækkun á árinu var ætlað að skila auknum tekjum en það hefur brugðist að hluta til vegna farþegafækkunar. Þá hafa stöðugt íþyngjandi kvaðir á reksturinn aukið kostnað og er nú svo komið að t.d. auknar flugverndarkröfur sem félagið þarf að framfylgja gætu reynst þungar fyrir flugvallarekstur og annars ekki burðugan rekstur flugfélaga í innanlandsfluginu. Kreppan sem steðjar að þjónustu á innanlandsflugvöllum snýst ekki eingöngu um knappar fjárveitingar úr sameiginlegum sjóðum landsmanna til reksturs og viðhalds heldur líka um óvissu um miðstöð innanlandsflugsins, Reykjavíkflugvöll. Bjartari tíma er þó að vænta í ljósi nýundirritaðs samnings milli borgarstjórans í Reykjavík og innanríkisráðherra um endurbætur á flugafgreiðslumannvirkjum og fleira sem mun gera Isavia kleift að reka flugvöllinn með sómasamlegum hætti og standa fyrir lágmarksuppbyggingu fyrir nútímalega þjónustu til hagsbóta fyrir notendur.

Starfsemi innanlandsflugsins verður þó alltaf varnarbarátta. Isavia mun gera sitt besta með takmarkaðar fjárveitingar og eins og endranær leitast við að veita eins góða þjónustu og kostur er með lágmarks tilkostnaði. Þó verður að hafa hugfast að verði flugvöllum og búnaði ekki haldið við mun það leiða til lokunar og endaloka innanlandsflugsins. Eins og áður hefur komið fram er þetta ekki í raun mál Isavia heldur samgöngufirvalda sem ákvarða þjónustustig í flugvallakerfinu og veita fjármunum til rekstursins.

Samþætt verkefni flugvallarstarfsmanna hafa einnig verið tekin upp á flugvöllum í Reykjavík og á Akureyri en sú tilhögun hefur í raun verið við lýði á öðrum áætlanarflugvöllum innanlands um langa hríð. Hagræðingin sem hefur náðst vinnur að mestu upp á móti óhjákvæmilegum kostnaðarauka vegna nýrra krafna um umfangsmeiri viðbúnað í björgunar- og slökkviþjónustu á áætlanarflugvöllum.

Flugumferð í umsjá alþjóðaflugþjónustunnar yfir landinu árið 2012 var svipuð og árið áður eða um 108 þúsund flug. Stærsti hlutinn, 77 þúsund flug, er svonefnt yfirflug sem félagið þjónar á grundvelli samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina. Tekjur félagsins af þessari starfsemi er um 3,3 milljarðar króna árlega sem greiddar eru í enskum pundum. Miklu máli skiptir á tímum gjaldeyrisskorts að fá þessar tekjur í þjóðarbúið. Félagið tekur þátt í alþjóðasamvinnu um flugleiðsögu og eru starfsmenn þess virkir þátttakendur í mörgum nefndum og ráðum á því sviði. Stefnt er að aukinni samvinnu við nágretta okkar Grænlandinga og Færeyinga vegna tækniþróunar og þjálfunar en það mun styrkja stöðu félagsins vegna flugleiðsöguþjónustu á Norður-Atlantshafi.

Stefnt er að stækkun flugstjórnarmiðstöðvarinnar á Reykjavíkflugvelli með það fyrir augum að sameina alla starfsemi sviðsins á einn stað og efla hana til framtíðar. Sameiningin mun gera félagið betur búið til þess að takast á við breytingar á stjórnskipulagi flugleiðsöguþjónustunnar og að hafa forgöngu um innleiðingu tækninýjunga.

Isavia eignaðist fyrirtækið Tern Systems að fullu á árinu þegar það keypti 25% hlut Háskóla Íslands í félaginu. Félagið er sprotafyrirtæki og hátæknifyrirtæki í hugbúnaðargerð fyrir flugleiðsöguþjónustu og hefur unnið mikið starf fyrir Isavia á umliðnum árum. Miklir möguleikar felast í sölu á vörum Tern á alþjóðmörkuðum með þann stuðning og afl sem felst í samstarfinu við móðurfélagið. Athyglisverður árangur hefur þegar náðst með sölu á búnaði, til Kóreu, Indónesíu, Spánu og Marokkó.

Saga Tern Systems sýnir vel að það er mannauðurinn en ekki tæknin ein sem gerir fyrirtæki að því sem þau eru. Isavia og dótturfélög hafa á að skipa starfsmönnum í fremstu röð á sínu sviði.

Starfsmannavelta Isavia er fremur lág. Heildarveltan var tæplega 8% á árinu en raunvelta 4% þegar frá eru taldir þeir sem hættu vegna aldurs eða sagt var upp. Meðalstarfsaldur hjá félaginu



var 11,9 ár en meðallífdur starfsmanna 45 ár. Starfsmenn voru alls 657 í árslok, þar af 159 konur, en mörg störf hjá félaginu hafa verið hefðbundin karlastörf. Konur eru jafnan hvattar til þess að sækja um auglýst störf hjá félaginu en enn sem komið er hefur lítið áunnist í að breyta þessu hlutfalli starfsmanna. Ef marka má fjölda starfsumsóknna sem berast jafnan til félagsins er Isavia að verða þekkt og áhugavert í huga atvinnuleitenda. Alls bárust félaginu rúmlega 1.800 umsóknir um störf á árinu, þar af um 1.000 vegna auglýstra starfa og er aukning á almennum umsóknum á milli ára rúmlega 34%.

Rík áhersla er lögð á menntun og þjálfun starfsmanna og á árinu sóttu 644 starfsmenn starfsnámskeið hjá Isaviaskólanum í samtals um 40.600 vinnustundir sem jafngildir því að um tuttugu starfsmenn séu þar sífellt í þjálfun. Félagið annast einnig umfangsmikla þjálfun fyrir önnur fyrirtæki og einstaklinga sem starfa á eða eiga erindi inn á haftasvæði flugvalla.

Áhersla er einnig lögð á gott heilsufar starfsmanna, öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, að starfsmenn þekki kröfur sem gerðar eru um öryggi og vinnuvernd og ríkt er gengið eftir áhættumati og forvörnum.

Ég vil að lokum ítreka að Isavia er næststærsta ferðaþjónustufyrirtæki landsins og er sem slíkt í forystu þeirrar miklu sóknar sem ferðaþjónustan er í um þessar mundir. Félagið sér mikil tækifæri til nýtingar á flugvallarmannvirkjum landsins til þess að laða að enn fleiri flugfélög og farþega og mun leggja sitt af mörkum til að svo megi verða.

Ég vil þakka stjórn félagsins, forstjóra þess, Birni Óla Haukssyni og öllu öðru starfsfólki fyrir góð störf og samvinnu á liðnu starfsári.

Fyrir hönd stjórnar Isavia,
Þórólfur Árnason formaður



Stjórn og forstjóri Isavia, frá vinstri: Þórólfur Árnason, Ragnar Óskarsson, Jón Norðfjörð, Ásta Rut Jónasdóttir, Björn Óli Hauksson og Arnbjörg Sveinsdóttir.

STARFSSVIÐ

Hlutverk **flugleiðsögu sviðs** er að veita Íslenskum og erlendum flugförum flugumferðar- og flugleiðsöguþjónustu í innanlands- og alþjóðflugum yfir Norður-Atlantshafi. Íslenska flugstjórnarsvæðið er eitt af þeim stærri í heiminum, alls um 5,4 milljónir ferkílómetra.

Flugvalla- og mannvirkjasvið hefur með höndum rekstur og viðhald á öllum flugvöllum landsins utan Keflavíkurflugvallar, þar með talið flugbrautir og byggingar, vélbúnaður, ljósabúnaður og flugvernd. Mannvirkjaþjónusta sviðsins annast sérhæfða stoðþjónustu við önnur rekstrarsvið fyrirtækisins í tengslum við viðhald og uppbyggingu mannvirkja.


Starfsemi **Keflavíkurflugvallar** felst í rekstri, viðhaldi og eftirliti með athafnasvæðum loftfara og hreinsun þeirra, sjónrænum leiðsögubúnaði flugvallarins og olíuskiljum, fælingu fugla og annarra dýra, rekstri á þotugildrum, hlaðstjórn og stæðisúthlutun auk reksturs vélaverkstæðis og slökkvi- og björgunarþjónustu.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar annast rekstur, viðhald og uppbyggingu flugstöðvarinnar, ásamt rekstri verslana með tollfrjálsar vörur á flugvallarsvæðinu, stuðning við þjónustuaðila í flugstöðinni og flugvernd auk starfsemi í tengslum við flugrekstur og starfsemi sem nauðsynlegt er að sé innan haftasvæðis flugverndar.







Fjármálasvið vinnur þvert á allar rekstrareiningar fyrirtækisins og veitir þeim fjölbreytta stoðþjónustu. Starfsemi skiptist í skrifstofu, fjármála- og starfsmannaþjónustu, viðskiptaþróun og kerfisþjónustu. Á sviðinu er yfirumsjón og eftirlit með reikningshaldi og fjárreiðum félagsins. Sviðið sér einnig um mannauðsmál, þjálfun og fræðslu, vinnuvernd, kjaramál og almenn starfsmannamál. Markaðs- og kynningarmál félagsins heyrja einnig undir fjármálasvið.

Skrifstofa yfirstjórnar er stoðeild við stjórn félagsins, forstjóra og rekstrarsvið. Hlutverk hennar er að vinna að hvers konar verkefnum sem varða stefnumótun og samhæfingu á starfsemi rekstrarsviða á borð við lögfræðileg verkefni, samskipti við ráðuneyti, samningagerð og alþjóðleg þróunar- og rannsóknarverkefni. Þar er einnig umsjón með samhæfingu og stefnumörkun í flugvallarþjónustu og flugvernd hjá félaginu, skipulags- og sveitarstjórnarmálum, umsýslu vegna stjórna Ísavia, Fríhafnarinnar og Tern Systems, gerð þjónustusamninga, umsjón með varnartengdum verkefnum, samskipti við fjölmiðla og skjalavistun.


Staðla- og gæðadeild starfar í tengslum við skrifstofu yfirstjórnar og annast heildarskipulagningu og samhæfingu öryggis- og gæðamála fyrirtækisins. Þar fer fram yfirumsjón með kerfislýsingum og verklagi, eftirliti og leiðréttingu frávíka. Umhverfismál falla einnig undir staðla- og gæðadeild.




FLUGTÖLUR



Fjöldi ferða í íslenska úthafsflugstjórnarsvæðinu






Helstu flugfélög í íslenska úthafsflugstjórnarsvæðinu




// Fjöldi ferða



Helstu staðapör (city-pairs) í úthafsflugstjórnarsvæðinu



// Fjöldi ferða



Helstu flugvélategundir í úthafsflugstjórnarsvæðinu



// Fjöldi ferða

////////////////////////////////////

LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI

ÚR REKSTRARREIKNINGI	2012	2011	2010
Tekjur	18.397	16.511	14.136
Ebitda	3.823	3.653	3.045
Ebit	2.396	2.302	1.723
Fjármunatekjur/gjöld	-1.465	-1.542	843
Hagnaður fyrir skatta	932	760	2.567
Rekstrarhagnaður	738	604	2.125

ÚR EFNAHAGSREIKNINGI			
Varanlegir rekstrarfjármunir	21.784	21.615	22.017
Eignir	33.390	32.520	32.069
Eigið fé	11.647	10.917	10.302
Vaxtaberandi skuldir	17.397	17.728	18.348
Veltufjárhlutfall	1,26	1,21	1,01


ÚR SJÓÐSSTREYMI			
Rekstrarhreyfingar	3.535	3.545	1.590
Fjárfestingahreyfingar	-1730	-725	-715
Fjármögnunarhreyfingar	-1.362	-1.721	-1.247
Handbært fé í lok tímabils	3.026	2.609	1.506

KENNITÖLUR			
Framlegðarhlutfall rekstrar	21%	22%	22%
Hagnaðarhlutfall	4%	4%	15%
Veltuhraði eigna	0,56	0,51	0,43
Arðsemi eiginfjár	7%	6%	23%
Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutfjár	13%	11%	38%
Eiginfjárhlutfall	35%	34%	32%
Meðalfjöldi starfa	790	729	707


Fjárhæðir í milljónum króna




Tekjur samstæðunnar




// Tekjur af flugvallapjónustu // Fasteignatekjur
// Vörusala // Tekjur vegna alþjóðaflugpjónustu // Aðrar tekjur




Tekjur af flugvallapjónustu




// Þjónustusamningur við IRR // Lendingargjöld
// Flugverndargjöld // Farþegagjöld // Önnur gjöld



Rekstrarkostnaður



// Kostnaðarverð seldra vara // Laun og annar starfsmannakostnaður
// Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður // Annar rekstrarkostnaður // Afskriftir



REKSTUR OG AFKOMA

Heildartekjur Isavia hafa aukist um 11,4% milli ára, úr 16.511 milljónum króna í 18.397 milljónir árið 2012. Mest tekjuaukning varð í flugvallarekstri eða um 21%, verslunartekjur jukust um 13% og tekjur vegna flugleiðsöguþjónustu um rúmlega 7%. Tekjur Isavia vegna þjónustusamnings við innanríkisráðuneytið lækkuðu um 17% milli ára.

Farþegafjöldi á Keflavíkurflugvelli jókst um 12,7% í heild á árinu en þar af var um 15% aukning á brottfararfarþegum. Fjölgun farþega skilaði bæði aukningu í farþegatekjum og verslunar- og fasteignatekjum félagsins. Heildarfjöldi farþega á öðrum flugvöllum félagsins dróst saman um 4%.


Rekstrarhagnaður árið 2012 nam 2.396 milljónum samanborið við 2.302 milljónir árið 2011. Rekstrar-kostnaður jókst um 12,6% og var það helst sökum aukins starfsmannafjölda. Meðalfjöldi starfa hjá félaginu jókst vegna aukinna umsvifa um 8,4%, úr 729 árið 2011 í 790 árið 2012. Annar rekstrarkostnaður hefur einnig aukist umtalsvert og ber þar hæst mikill kostnaður vegna erfiðs árferðis veturinn 2012 og 9% aukning á kostnaðarverði seldra vara eins og áætlanir félagsins gerðu ráð fyrir. Fríhöfnin greiðir nú 10% af því áfengisgjaldi sem gildandi er hverju sinni og 40% af tóbaksgjaldi. Þetta á þó aðeins við um vörur sem seldar eru í komuverslun. Árið 2012 skilaði Fríhöfnin um 307 milljónum króna í áfengis- og tóbaksgjald til ríkissjóðs samanborið við 281 milljónir árið 2011.

Heildarafkoma ársins 2012 er 738 milljónir króna sem er um 134 milljón króna betri afkoma en árið 2011. Heildareignir Isavia í árslok 2012 eru bókfærðar á 33.390 milljónir króna. Þar af eru fasta-

SKIPTING TEKNA:

	2012	2011
Flugleiðsöguþjónusta	3.602	3.350
Flugvallatekjur	5.671	4.671
Verslunartekjur	7.026	6.205
Þjónustusamningur IRR	1.426	1.717
Aðrar tekjur	671	569
*Fjárhæðir í milljónum króna		

fjármunir 28.073 milljónir. Nettóskuldir félagsins hafa lækkað um 553 milljónir króna milli ára en eiginfjárlutfall félagsins nam 34,9% í árslok en var 24,6% við stofnun árið 2010. Handbært fé frá rekstri var sambærilegt milli ára en fjárfestingar félagsins hafa aukist verulega og var fjárfesting fyrir um 1,4 milljarða króna á árinu 2012. Helstu verkefni voru endurbætur á Flugstöð Leifs Eiríkssonar, endurnýjun og fjölgun tækja vegna innritunar og flugverndar ásamt kaupum á flugvallartækjum fyrir Keflavíkurflugvöll, Akureyrarflugvöll og Egilsstaðaflugvöll. Kostnaður vegna rafmagnsbreytinga á Keflavíkurflugvelli var einnig umtalsverður svo og endurnýjun og uppfærslur á flugleiðsögubúnaði. Isavia keypti hlut Háskóla Íslands í Tern Systems og á félagið nú að fullu.



ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

TIL STJÓRNAR OG HLUTHAFA ISAVIA OHF.

Við höfum í umboði Ríkisendurskoðunar, endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Isavia ohf. fyrir árið 2012. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

ÁBYRGÐ STJÓRNAR OG FORSTJÓRA Á ÁRSREIKNINGNUM

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

ÁBYRGÐ ENDURSKOÐENDA

Ábyrgð okkar felst í því álitum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

ÁLIT

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2012, efnahag hennar 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.


Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
endurskoðandi


Guðmundur Kjartansson
endurskoðandi

SKÝRSLA STJÓRNAR

Isavia ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili og varnarþing félagsins á Reykjavíkflugvelli. Isavia ohf. annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla á Íslandi og stýrir jafnframt flugumferð í íslenska flugstjórnarsvæðinu sem er 5,4 milljónir ferkílómetrar að stærð og eitt það stærsta í heiminum. Eitt af hlutverkum Isavia ohf. er að tryggja að flugöryggi sé í samræmi við viðurkenndar alþjóðlegar öryggiskröfur og aðferðir.

Samstæðuársreikningurinn fyrir árið 2012 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt yfirliti um heildarafkomu félagsins námu rekstrartekjur samstæðunnar á árinu 2012 um 18.397 milljónum króna. Hagnaður ársins nam um 738 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema heildareignir samstæðunnar um 33.390 milljónum króna, bókfært eigið fé í lok árs

2012 um 11.647 milljónum króna og er eiginfjárlutfall félagsins 34,88%.


Í lok ársins var einn hluthafi í félaginu sem er Ríkissjóður eins og við stofnun félagsins.


Stjórn og forstjóri Isavia ohf. staðfesta samkvæmt þeirra bestu vitund að samstæðuársreikningur þessi gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins, eignum, skuldum og breytingu á handbæru fé á árinu. Ennfremur er það álit stjórnar og forstjóra Isavia ohf. að reikningskilareglur félagsins séu viðeigandi og að í samstæðuársreikningi þessum sé að finna gott yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, áhættustýringu og helstu óvissupætti í umhverfi félagsins.

Stjórn og forstjóri Isavia ohf. hafa í dag yfirfarið og samþykkt samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Reykjavík, 4. apríl 2013

Í stjórn


Þóroldur Arnason
stjórnarformaður


Arnbjörg Sveinsdóttir


Jón Norðfjörð

Forstjóri


Björn Óli Hauksson


Ásta Rut Jónasdóttir


Ragnar Óskarsson

YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU ÁRSINS 2012

	Skýr.	2012	2011
Rekstrartekjur	4	18.396.853	16.511.047
Kostnaðarverð seldra vara		(3.645.670)	(3.349.133)
Laun og annar starfsmannakostnaður	5	(7.844.294)	(6.880.925)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(489.968)	(537.678)
Annar rekstrarkostnaður		(2.594.122)	(2.090.601)
Afskriftir	8,9	(1.426.327)	(1.350.682)
Rekstrarhagnaður		2.396.473	2.302.028
Fjármunatekjur	6	221.482	181.890
Fjármagnsgjöld	6	(730.672)	(779.770)
Önnur gjöld af fjáreignum og fjárskuldum	6	(955.030)	(944.456)
Hagnaður fyrir skatta		932.253	759.692
Tekjuskattur	7	(194.306)	(155.639)
Heildarafkoma ársins		737.947	604.053
Skipting heildarafkomu ársins			
Hlutdeild meirihluta í afkomu		737.947	605.874
Hlutdeild minnihluta í afkomu		0	(1.820)
		737.947	604.053

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2012

Eignir

	Skýr.	31.12.2012	31.12.2011
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	21.784.112	21.614.941
Óefnislegar eignir	9	5.885.777	6.052.271
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur	11	402.972	146.487
Reiknuð skattinneign	18	0	82.287
		<u>28.072.861</u>	<u>27.895.986</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	12	521.164	399.413
Viðskiptakröfur	13	1.262.148	1.178.826
Ríkissjóður		42.624	0
Næsta árs hluti langtímakrafna	13	69.376	68.434
Aðrar skammtímakröfur	13	396.221	368.374
Handbært fé	13	3.025.735	2.608.985
		<u>5.317.268</u>	<u>4.624.032</u>
Eignir		<u>33.390.129</u>	<u>32.520.018</u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Hlutfé	14	5.589.063	5.589.063
Lögbundinn varasjóður		2.483.798	2.483.798
Sérstakur endurmatsreikningur		51.120	52.466
Óráðstafað eigið fé		3.523.216	2.783.924
		<u>11.647.198</u>	<u>10.909.251</u>
Eigið fé meirihlutaeigenda		0	7.435
		<u>11.647.198</u>	<u>10.916.686</u>

Langtímaskuldir og skuldbindingar

Skuldir við lánastofnanir	15	17.394.991	17.723.943
Fjármögnunarleigusamningar	16	2.152	3.900
Tekjuskattsskuldbinding	18	114.139	38.519
		<u>17.511.281</u>	<u>17.766.362</u>

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir	19	1.271.036	859.093
Ríkissjóður		0	131.522
Næsta árs afborganir langtímaskulda	19	1.409.855	1.355.796
Ógreiddir reiknaðir skattar	7	36.400	15.520
Aðrar skammtímaskuldir	19	1.514.360	1.475.038
		<u>4.231.650</u>	<u>3.836.970</u>

Skuldir		<u>21.742.931</u>	<u>21.603.332</u>
Eigið fé og skuldir		<u>33.390.129</u>	<u>32.520.018</u>

////////////////////////////////////

YFIRLIT UM EIGIÐ FÉ 2012

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2011	5.589.063	2.483.798	55.156	2.175.359	(1.144)	10.302.233
	5.589.063	2.483.798	55.156	2.175.359	(1.144)	10.302.233
Endurmat afskrifað	0	0	(2.691)	2.691	0	0
Fjárfesting minnihluta	0	0	0	0	10.399	10.399
Heildarafkoma ársins	0	0	0	605.874	(1.820)	604.053
Eigið fé 31. desember 2011 ...	5.589.063	2.483.798	52.466	2.783.924	7.435	10.916.686
Eigið fé 1. janúar 2012	5.589.063	2.483.798	52.466	2.783.924	7.435	10.916.686
Endurmat afskrifað	0	0	(1.345)	1.345	0	0
Fjárfesting í dótturfélagi	0	0	0	0	(7.435)	(7.435)
Heildarafkoma ársins	0	0	0	737.947	0	737.947
Eigið fé 31. desember 2012 ...	5.589.063	2.483.798	51.120	3.523.216	0	11.647.198

Engin arðgreiðsla var á árinu til hluthafa. Allt hlutfé er innborgað.

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI 2012

	Skýr.	2012	2011
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		2.396.473	2.302.028
Afskriftir	8,9	1.426.327	1.350.682
Gjaldfærð langtímakrafa	11	54.409	68.631
Sölutap fastafjármuna		0	5
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		3.877.208	3.721.345
Vörubirgðir (hækkun)	12	(121.752)	(29.492)
Aðrar rekstartengdar eignir (hækkun)		(130.242)	(178.081)
Rekstartengdar skuldir hækkun		304.566	490.978
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		3.929.780	4.004.750
Innborgaðir vextir og arður		370.890	336.920
Greiddir vextir		(749.816)	(796.631)
Greiddir skattar		(15.520)	0
Handbært fé frá rekstri		3.535.334	3.545.040
Fjárfestingahreyfingar			
Eignfærður þróunarkostnaður		(11.100)	0
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	8	(1.341.848)	(712.063)
Keyptar óefnislegar eignir	9	(53.092)	(65.057)
Keypt skuldabréf		(322.378)	(53.112)
Afborganir skuldabréfa		18.883	105.328
Keypt fjárfestingaverðbréf		(20.000)	0
		(1.729.534)	(724.903)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda	15	(1.358.888)	(1.711.985)
Afborganir fjármögnunarleigusamninga	16	(2.849)	(8.950)
		(1.361.737)	(1.720.935)
Hækkun handbærs fjár		444.063	1.099.201
Handbært fé í upphafi árs		2.608.985	1.506.340
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(27.313)	3.443
Handbært fé í lok árs		3.025.735	2.608.985

SKÝRINGAR

1. Starfsemi

Isavia ohf. var stofnað í ársbyrjun 2010 með samruna Flugstoða ohf. og Keflavíkurlflugvallar ohf. Isavia ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili og varnarþing félagsins á Reykjavíkurlflugvelli.

Isavia ohf. annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla á Íslandi og stýrir jafnframt flugumferð í íslenska flugstjórnarsvæðinu sem er 5,4 milljónir ferkílómetrar að stærð og eitt það stærsta í heiminum. Eitt af hlutverkum Isavia ohf. er að tryggja að flugöryggi sé í samræmi við viðurkenndar alþjóðlegar öryggiskröfur og aðferðir.

Samstæðuársreikningurinn nær til Isavia ohf. og dótturfélaga þess. Félög innan samstæðunnar eru auk Isavia ohf., Frihöfnin ehf. og Tern Systems hf.

2. Reikningsskilaaðferðir

Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samstæðan hefur innleitt alþjóðlega reikningsskilastaðla (International Financial Reporting Standards, IFRS) eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í lok árs 2012, breytingar á þeim og nýjar túlkánir. Það er mat stjórnenda að innleiðing nýrra og endurbættra staðla og túlkana hafi ekki veruleg áhrif á ársreikninginn. Samstæðan hefur ekki innleitt nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi.

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur samstæðunnar er gerður á grundvelli kostnaðarverðs. Fjallað er um mat á gangvirði fjáreigna og fjárskulda í skýringu hér að neðan. Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu.

Við kaup á dótturfélögum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á kaupdegi. Sé kaupverð hærra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Rekstrarniðurstaða keyptrar eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Engir framvirkir gjaldeyris- og vaxtastofningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

SKÝRINGAR

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Verksamningar

Þegar unnt er að meta stöðu verksamnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur og gjöld færð miðað við hlutfall áfallins kostnaðar samkvæmt ákvæðum samningsins á reikningsskiladegi. Breytingar á verkþáttum samkvæmt verksamningi, kröfur um bætur og bónusgreiðslur eru færðar að því marki sem unnt er að meta fjárhæðina með áreiðanlegum hætti og líklegt er að til þeirra komi.

Þegar ekki er unnt að meta stöðu verksamnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur færðar í hlutfalli við áfallinn kostnað sem líklegt er að verði endurheimtur. Kostnaður vegna verksamnings er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

Þegar líkur eru á tapi af verksamningi er vænt tap fært strax til gjalda.

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Eignir samkvæmt fjármögnunar- og kaupleigusamningum eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifaðar á líftíma þeirra. Skuldbinding við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Erlendir gjaldmiðlar

Við gerð reikningsskila hvers félags innan samstæðunnar eru viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en starfsrækslugjaldmiðli færð á gengi hvers viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir eru færðar miðað við skráð gengi á reikningsskiladegi. Gengismunur er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður sem stafar beint af kaupum, byggingu eða framleiðslu eigna sem uppfylla skilyrði um eignfærslu, er eignfærður sem hluti af eigninni fram að þeim tíma þegar eign er tilbúin til notkunar eða sölu. Eignfærsluhæf eign er eign sem tekur talsverðan tíma að koma í nothæft eða söluhæft ástand.

Allur annar fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikningi á því tímabili sem hann fellur til.

Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinn eign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna eru eignir vegna viðskiptasamninga, einkaleyfa og hugbúnaðar. Eignir þessar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma og eru reiknaðar afskriftir hvers tímabils færðar í rekstrarreikning. Þróunarkostnaður er færður á kostnaðarverði að teknu tilliti til virðisrýrnunar. Eignfærður þróunarkostnaður er ekki afskrifaður línulega.

Óefnislegar eignir sem myndast í reikningsskilum við sameiningu félaga eru aðeins færðar ef þær eru aðgreinanlegar frá viðskiptavild. Við upphaflega skráningu eru þær færðar á kostnaðarverði á kaupdegi en við síðara mat eru þær færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er (sé um slíkt að ræða).

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

